

Yfirlýsing peningastefnunefndar 2. febrúar 2011

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum lækka í 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga lækka í 4,25% og daglánavextir lækka í 5,25%.

Áfram dró úr verðbólgu í desember og janúar. Tólf mánaða verðbólga var 1,8% í janúar eða 1,6% að áhrifum hærra neysluskatta frá-töldum. Hún er því nokkuð undir 2½% verðbólgu-markmiði bankans. Tilfallandi verðlækkunir bættust við árstíðarbundna lækkun vísitölu neysliverðs í janúar. Sem fyrr stuðla hagstæð gengisþróun undanfarið ár, lækkandi verðbólguvæntingar og slaki í þjóðarþúskaðum að lítilli og stöðugri verðbólgu.

Samkvæmt spánni sem birt er í *Peningamálum* í dag, verður efnahagsbatinn heldur meiri í ár en Seðlabankinn spáði í nóvember. Spáð er 2,8% hagvexti í ár og líðlega 3% vexti á árunum 2012 og 2013. Verðbólga hefur verið heldur minni en fólst í nóvember-spánni, aðallega vegna einskiptisáhrifa breytinga á opinberum gjöldum, og er því spáð að hún verði eitthvað undir verðbólgu-markmiðinu nánast til loka spátímans.

Þótt grunnefnahagsþættir og gjaldeyrishöft styðji áfram við gengi krónunnar hefur viðskiptavegið gengi krónu lækkað um 4½% frá fundi peningastefnunefndar í desember. Enn er of snemmt að full-yrða að hve miklu leyti lækkunina megi rekja til tímabundinna þátta. Umtalsverð kaup Seðlabankans á gjaldeyri undir lok síðasta árs, sem ætlað var að draga úr gjaldeyrismisvægi fjármálastofnana og auka óskuldsettan gjaldeyrisforða Seðlabankans, gætu einnig hafa haft skammtímaáhrif á gengi krónunnar.

Þar sem horfur eru á að verðbólga verði áfram við verðbólgu-markmiðið og í ljósi þess að vextir eru í sögulegu lágmarki ríkir aukin óvissa um í hvaða átt næstu vaxtabreytingar verða. Áætlanir um af-nám hafta á fjármagnshreyfingar skapa einnig óvissu til skemmri tíma. Peningastefnunefndin er reiðubúin til þess að breyta aðhaldi peninga-stefnunnar eins og nauðsynlegt er með hliðsjón af því tímabundna markmiði hennar að stuðla að gengisstöðugleika og í því skyni að tryggja að verðbólga verði nálægt markmiði til lengri tíma litið.